

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2019, mánudaginn 28. október kl. 13:15 var haldinn 281. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir, Katrín Atladóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Einnig sátu fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri og Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Þetta gerðist:

1. Fundargerðir SF 279 og SF 280 samþykktar og undirritaðar.
2. Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála mætti til fundarins og kynnti rekstraruppgjör. Áhættuskýrsla, dags. 30. 9. 2019 lögð fram.

Klukkan 13:20 mættu Edda Sif Aradóttir, Bjarni Freyr Bjarnason og Jakob S. Friðriksson til fundarins og kynntu tillögu um stofnun dótturfélags um CarbFix verkefnið. Tillögunni fylgir greinargerð og 2 minnisblöð frá Lex lögmannsstofu um málið. Umræður. Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar. Jakob og Edda Sif yfirlögðu fundinn kl 13:40.

Ingvar og Bjarni Freyr kynntu áframhaldandi vinnu við uppskiptingu Orku náttúrunnar. Umræður.

3. Ingvar kynnti áhættustefnu, arðsemis- og arðgreiðslustefnu. Stefnurnar rýndar og samþykktar samhljóða.
4. Elín Smáradóttir lagði fram til rýni og kynnti tillögur að breytingum á starfsreglum stjórnar. Starfsreglurnar rýndar og breytingar samþykktar samhljóða.
5. Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri lagði fram og kynnti skýrslu um framfylgd eigendastefnu. Samþykkt samhljóða að leggja skýrsluna fyrir eigendafund.
6. Guðrún Erla gerði grein fyrir framvindu stefnuverkefna.
7. Klukkan 15:05 mættu Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri og Edda Sif Aradóttir, staðgengill framkvæmdastjóra Rannsókna og nýsköpunar til fundarins, lögðu fram og kynntu minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 24. október 2019 og um stöðu forðagæslu, dags. 23. október 2019. Umræður.
8. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína, dags. 24. október 2019, um starfsemina á milli stjórnarfunda. Umræður.
9. Önnur mál.
  - Lagt fram erindi G. Run til stjórnarformanns varðandi vatnstökusvæði í Grundarfirði, dags. 18. október 2019 og minnisblað Veitna um málið, dags. 22. október 2019.
  - Rætt um lykilverkefni sem stofnuð voru í kjölfar stefnumörkunar stjórnar. Stjórn óskar eftir yfirliti um verkefnin og stöðu þeirra.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HSA", "RM", "BW", "AA", and "USP".

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 16:15.**

**Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 25. nóvember 2019.**

Brynhildur Davíðsdóttir,  
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir,  
Katrín Atladóttir, Hildur Björnsdóttir,  
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Brynildur Davíðsdóttir  
Gylfi Magnússon  
Katrín Atladóttir

Sigríður Rut Júlíusdóttir  
Hildur Björnsdóttir  
Valgarður Lyngdal Jónsson